

**Nd.**

**570. Frumvarp til laga**

um breyting á hafnarlögum fyrir Akranes, nr. 23 20. maí 1942.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

Fyrir orðin „kr. 480000 — fjögur hundruð og áttatíu þúsund krónur —“ í 1. gr. laganna kemur: 1280000 — ein millj. og tvö hundruð og áttatíu þúsund krónur —.

2. gr.

Fyrir orðin: „kr. 720000 — sjö hundruð og tuttugu þúsund króna —“ í 2. gr. laganna kemur: 1920000 — einnar millj. og níu hundruð og tuttugu þúsund króna —.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**G r e i n a r g e r ð .**

Framkvæmdir þær við hafnargerð á Akranesi, sem gerðar voru á þessu ári og fyrirhugaðar eru á næstu árum, gera það nauðsynlegt að hækka upphæðir þær, sem hér um ræðir.